



Námskrá 1-2 ára barna í leikskólum Kópavogs



*Sigríður Síta Pétursdóttir
Kópavogur
2009*



Fræðsluskrifstofa Kópavogs Námskrá 1-2 ára barna í leikskólum Kópavogs

©2009 Leikskóladeild Kópavogsbæjar

Starfshópur um námskrá yngstu barnanna ásamt verkefnisstjórum í leikskólum Kópavogsbæjar komu að vinnu við námskrána.

INNGANGUR.....	1
HUGTAKANOTKUN	1
HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR.....	2
AÐLÖGUN	2
FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN	3
LYKILPERSÓNUR.....	5
TENGLAMYNDUN	5
UMHYGGJA	6
FÉLAGSPROSKI	7
NÁMSUMHVERFI	8
MAT	10
LOKAORÐ.....	11
HEIMILDASKRÁ.....	12
FYLGIRIT.....	14
NÁMSKRÁRAMMI	15
HUGMYNDABANKI	20
SKRÁNINGARBLAÐ MEÐ SKÝRINGUM	29
SKRÁNINGARBLAÐ	30
LESEFNISLISTI.....	31
TÍMARIT.....	36

INNGANGUR

Ritið er hugmyndafræðilegur grunnur að námskrá fyrir 1–2 ára börn í leikskólum Kópavogs. Eftir að unnin hafði verið námskrá fyrir elstu börn leikskóla í Kópavogi var ákveðið að námskrárnar yrðu þrjár, 1–2 ára börn, 3–4 ára börn og 5 ára börn. Í hverri námskrá er sjónum beint að því hvernig börn á hverju aldurstigi læri best og reynt að varpa ljósi á sérstöðu hvers hóps. Einnig var samþykkt Félags leikskólakennara frá 25. febrúar 2005 hvati að verkinu. Þar er hvatt til þess að gerð verði sérstök námskrá fyrir hvern aldurshóp í leikskólum.

Námskráin byggir að verulegu leyti á ritinu *Lengi býr að fyrstu gerð*:

Kennsluleiðbeiningar fyrir leikskólustarf með 1–3 ára börnum (Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir, 2006), þar sem gerð er grein fyrir samstarfsverkefni fjögurra leikskóla og Háskólans á Akureyri sem unnið var 2005–2006.

Aftast er finna hugmyndabanka, námskrágrind og listi yfir bækur, tímarit, greinar og vefslóðir, sem geta komið að gagni við gerð námskrár hvers leikskóla, einnig fyrir leikskólakennara til að nýta sem lesefni fyrir umræður innan leikskólans.

Hugtakanotkun

Hugtökin, sem notuð eru, koma úr almennri orðræðu leikskólans. *Umönnun*: líkamleg umhirða. *Umhyggja*: viðhorf og/eða afstaða til barna. *Lykilpersóna*: sá leikskólakennari sem fylgir barninu eftir í gegnum leikskóladvölinu, annast um barnið og sinnir helstu þörfum þess, tekur á móti barninu, skiptir um bleiur, er með barninu við matarborðið og heldur utan um hópastarfið svo eitthvað sé nefnt. *Opinn/skapandi efniviður*: átt er við að hægt er að nota efniviðinn/leikefnið á fleiri en einn veg. Sem dæmi um opinn/skapandi leikefni eru trékubbar sem hægt er að raða saman á mismunandi vegu, pappír, leir, sandur og vatn, svo fátt eitt sé nefnt. *Skráningar*: leikskólakennarinn safnar markvisst upplýsingum með því að taka myndir, skrifa hjá sér eða taka upp á segulband það sem börnin fást við. Tilgangurinn er að koma auga á sterkar hliðar, áhuga og möguleika hvers barns þannig að það fái sem flest tækifæri til að dafna og þroskast. *Hópastarf*: þar sem nokkur börn eru saman í hóp og vinna að hinum ýmsu verkefnum í gegnum leikinn.

Verkefningin eru það sem börnin fást við hverju sinni. *Svefntími*: tíminn eftir hádegisverð þar sem börnin leggjast á dýnur eða út í vagn með sæng og svæfil og sofa eins lengi og hvert barn hefur þörf fyrir.

HUGMYNDAFRÆÐILEGUR GRUNNUR

Í *Aðalnámskrá leikskóla* (Menntamálaráðneytið, 1999) kemur fram að börn skuli njóta umönnunar og þeim skal búið hollt umhverfi og örugg leikskilyrði. Sýnt hefur verið fram á að gæði umhyggju geta tengst greind barna (Sroufe, 1997; Shore, 1997) og að í gegnum leik og umhyggjusöm samskipti við fullorðna og jafnaldra þroskast barnið og lærir (Broström, 2003; Karlsson-Lohmander og Pramling-Samuelsson, 2003). Það má því ætla að hlýja, öryggi, traust og umhyggja fyrir einstaklingnum skipti máli fyrir þroska barnsins.

Á fyrstu tveimur árum í lífi barns lærir það um samhengi milli þess sjálfs og umhverfisins auk þess sem það uppgötvar nýjar aðferðir við lausnir viðfangsefna. Tilraunir með sífelldar endurtekningar verða vinsælar og mikilvægar í lærdómsferlinu, endurtekningin er talin mikilvæg fyrir þroska heilans og hæfni til að tengja saman ýmsa hluti. Smakka, snerta, sveifla, henda og snúa, eru tilraunir og rannsóknir barnsins um eðli hluta og tengsl þeirra við umhverfið. Barn sem fær fjölbreytt tækifæri og býr við margbreytilegt umhverfi er fært um að þjálfna heilann og líklegt til að halda því áfram út lífið (Lindon, 2000). Því ætti leikskóli að bjóða upp á fjölbreytta þroskamöguleika fyrir börn og stuðla að því að þau öðlist trú á sjálf sig og eigin getu og verði hamingjusamir einstaklingar.

Aðlögun

Í leikskólum hefur þróast ákveðið skipulag sem kallast aðlögun, þar sem börnum og foreldrum er gefinn ákveðin tími til að aðlagast og auðvelda börnunum og foreldrum þau umskipti sem verða þegar barn byrjar í leikskóla (Kristín Dýrfjörð, 2009).

Fyrstu dagar barns í leikskólanum þurfa að einkennast af öryggi og trausti, trausti á að brugðist sé við þörfum þess. Á því byggir barnið framhaldið eins og mótun sjálfsmýndar og tengsl við önnur börn og fullorðna (Broström, 2003). Því er mikilvægt að hafa í huga

og taka tillit til þess að börn eru mismunandi einstaklingar. Starfsfólk þarf að þjálf sig í að *lesa* hvert barn og *hlusta* eftir þörfum þess og löngunum. Með skráningum í máli og myndum á því sem barn tekur sér fyrir hendur á fyrstum dögum sínum í leikskólanum er lagður grunnur að samstarfi kennara og barns.

Augnsamband, líkamstjáning og bros, allt eru þetta leiðir sem leikskólakennarinn notar til að tengjast börnunum en áriðandi er að finna þá leið sem hentar hverjum og einum. Þannig kemur leikskólakennarinn til móts við þarfir barnsins á forsendum þess sjálfs (Brodin og Hylander, 1999).

Við upphaf leikskólagöngu þarf að skapa barni og foreldrum bæði tíma og rými til að kynnst daglegum venjum í leikskólanum. Barnið kynnist dagskipulaginu smátt og smátt og verður þátttakandi í leik og starfi með jafnöldrum. Það eykur skilning foreldra á því sem barnið þeirra er að fást við yfir daginn ef þeir fá að vera þátttakendur í starfinu fyrstu daga barnsins. Þannig kynnast barn og foreldrar saman þeim daglegu venjum sem leikskóladagur barnsins gengur út á (Björkman, 2003).

Fjölskyldan og leikskólinn

Aðlögunartíminn er ekki síður mikilvægur fyrir foreldra þar sem leikskólaganga barnsins hefur líka breytingar í för með sér fyrir þá. Þetta eru tímamót sem geta valdið streitu hjá foreldrum; því er ekki síður mikilvægt að þeir finni til öryggis gagnvart leikskólanum.

„Samstarf heimilis og leikskóla hefst áður en barn byrjar í leikskóla. Leikskólastjóri og leikskólakennari skulu kynna leikskólann og starfsemi hans fyrir foreldrum. Kynna ber aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá, húsakynni, efnivið og leiksvæði. Einnig ber að kynna starfsfólk fyrir foreldrum. Foreldrar skulu einnig kynnast helstu hefðum og siðum, sem gilda í leikskólanum, og fá upplýsingar um foreldrafélag leikskólans og starfsemi þess.“ (Menntamálaráðuneytið, 1999:30).

Upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægt, bæði áður og á meðan á aðlögunartíma stendur, eins og alla leikskólagöngu barnsins.

Mikilvægt er að skapa tengsl milli fjölskyldu barnsins og leikskólans. Það er m.a. gert með því að koma á opnum og jákvæðum samskiptum við foreldra, þar sem hlustað er á það sem foreldrar hafa að segja, þarfir þeirra og væntingar (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2008). Foreldrar og leikskólakennarar hafa ólík ábyrgðarhlutverk gagnvart börnum og þekkja þau hvorir á sinn mátann. Því er mikilvægt að báðir aðilar geri heima barnsins sýnilega hvor fyrir öðrum. (Galardini og Giovannini, 2001). Margar leiðir eru færar í þeim efnum. Ein leið er að hafa heimasíðu leikskólans og deilda hans aðgengilega fjölskyldum barnanna. Önnur er að hafa nöfn foreldra á póstlista og senda þeim reglulega fréttir og upplýsingar um það sem gerist í leikskólanum (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2008).

Að taka myndir í dagsins önn og koma þeim fyrir þar sem foreldrar geta séð þær hefur gefist vel. Þannig má gera leikskóladaginn sýnilegan foreldrum þar sem yngstu börn leikskólans eru oft ekki komin með það þróað mál að þau geti sagt frá því sem á daga þeirra drífur (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2008).

Ein leið til að gera líf barnsins heima sýnilegt í leikskólanum er t.d. að senda tuskudýr heim með börnunum, tuskudýrinu fylgir bók þar sem foreldrar geta skráð það sem á daga tuskudýrsins og barnsins drífur á meðan á heimsókn dýrsins stendur. Með þessu eru heimar barnsins tengdir saman. Með því að lesa úr bókinni í samverustundum, skapast umræðugrundvöllur milli barnanna og börnin fá innsýn inn í heim hvers annars fyrir utan leikskólann (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2004, 2008).

Myndir af fjölskyldunni henta einnig vel til að tengja fjölskyldu barns við leikskólann. Börnin koma með myndir að heiman af stórfjölskyldunni, bæði tví- og ferfætlingum. Í þeim tilfellum þar sem barn á foreldri, sem býr ekki hjá því, ætti að hvetja foreldra að senda myndir af þeim legg einnig (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2008). Myndirnar þarf að gera aðgengilegar börnunum með því að plasta þær og koma þeim fyrir þar sem börnin hafa aðgang að þeim þegar þau hafa þörf fyrir.

Með því að skapa tengsl og sýnileika milli heimilis og leikskóla skapast tækifæri fyrir foreldra og leikskólakennara að vinna saman að því að styðja við nám og þroska barnsins (Galardini og Giovannini, 2001).

Lykilpersónur

Hugmynd Goldschmied og Jackson (2004) um lykilpersónur (e. key-person) í leikskólanum gengur út á að skapa traust tengsl barns við einn fullorðinn innan leikskólans. Í *Aðalnámskrá leikskóla*, bls. 31, segir m.a.: „Náin tengsl við tiltekinn leikskólakennara eru mikilvæg fyrir farsæla aðlögun barnsins. Sami leikskólakennari skal því helst taka á móti barninu og foreldrum þess í upphafi leikskólagöngu og bera ábyrgð á aðlögunarferlinu“ (Menntamálaráðuneytið, 1999). Lykilpersónukerfið veitir starfsfólki leikskólans tækifæri til að tengjast foreldrum nánar og gerir samskiptin liprari og ríkari. Það er sami leikskólakennari sem annast barnið frá upphafi, tekur viðtöl og sinnir foreldrum og barni. Rannsóknir hafa sýnt að foreldrum þykir auðveldara að tjá sig um barnið sitt við einhvern einn ákveðinn heldur en marga aðila (Goldschmied og Jackson, 2004).

Samkvæmt bæði Goldschmied og Jackson og Manning-Morton og Thorp (2003) er ekki nóg að sinna aðeins grunnþörfum barns fyrir fæðu, skjól, hreinlæti og hvíld til að barnið nái að dafna. Horfa verður á barnið í heild og huga að tilfinningum þess og taka þær alvarlega. Umhyggja og náin tengsl við einn eða fleiri fullorðinn verður að vera til staðar svo að barnið nái að þroskast og dafna. Það er því ljóst að barni, sem dvelur stóran hluta vökutíma síns í leikskóla, er mikilvægt að mynda traust og náin tengsl við leikskólakennarana sem um það annast.

Talið er að lykilpersónukerfi geti tryggt betri umönnun til handa barni í leikskóla og aukið traust milli fjölskyldu og leikskóla. Foreldrar verði öruggari ef þeir vita af barninu þeirra í öruggum höndum, einhvers sem þeir hafa myndað samband við (Goldschmied og Jackson, 2004; Sigríður Síta Pétursdóttir, 2008).

Tengslamyndun

Kenningar Bowlbys (1973) og Mahlers (1984) sýna að ung börn eru viðkvæm fyrir aðskilnaði frá foreldrum. Traust og örugg samskipti við aðra, jafnt fullorðna sem jafnaldra, getur skipt sköpum fyrir félags- og tilfinningaþroska barns.

Tengsl milli þeirra sem *annast um* og þeirra sem *annast er um* eru mismunandi eftir eðli samskipta, sjónarhornið breytist eftir því hvaðan horft er. Til dæmis eru samskipti móður og barns önnur en leikskólakennara og barns (Noddings, 2002). Nokkuð ljóst er að barn er líklegra til að taka mark á þeim sem það tengist og treystir. Leikskólakennari, sem vill ná árangri í starfi sínu, byggir upp traust tengsl á grunni umhyggju og út frá eigin afstöðu og siðferðisviðmiðunum (Westmark, 2002). Rannsóknir benda til að framkoma gagnvart barni ráði miklu um það hvernig það tileinkar sér leiðsögn og að hve miklu leyti menntun og umhyggja stuðla að styrkari sjálfsmynd og trú barnsins á eigin getu. Gagnkvæm virðing og umhyggja er grunnur samskipta hvort sem er heima eða að heiman (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Ungbörn bindast oft tilfinningatengslum við ákveðna persónulega hluti; slíkur hlutur getur skapað tengingu milli heimilis/foreldris og leikskóla. Það veitir barninu öryggi og getur hjálpað því að aðlagast ef því er gefið tækifæri til að byggja brú milli heimilis og leikskóla.

Umhyggja

Umhyggja fyrir hverjum og einum ætti að vera markmið leikskólans, að hvert barn fái þörfum sínum fyrir öryggi, traust, næringu og sjálfstæði fullnægt. Það skiptir verulegu máli fyrir vellíðan og hæfni barns til að læra að því sé mætt af virðingu og hlýju.

Barn tekst á við mörg og fjölbreytt verkefni daglega í leikskólanum þar sem leikskólakennarar og önnur börn mynda stuðningskerfi sem veitir barninu tækifæri til að bæta við þekkingu sína og færni (Berk og Winsler, 1995). Leikskólakennarinn þarf að geta *lesið* hvert barn og stutt það með hvatningu, sem barnið þarfnast, á leið þess til þroska frá þeim stað þar sem það er statt (Cuffaro, 1995).

Frost, Wortham og Reifel (2005) benda á að rannsóknir í gegnum árin hafi sýnt að leikurinn örvar og eflir flesta þroskaþætti barnsins og að sterk tengsl eru þar á milli; einnig að leikurinn er tæki barnsins til að skilja heiminn út frá eigin forsendum og læra þannig að takast á við viðfangsefni sem bíður þess.

Í gegnum leikinn er hægt að finna út og virkja áhuga barnanna. Talið er að það sé áhugahvötin, sem rekur barnið áfram, ásamt forvitni (Lindqvist, 2004). Því ætti það að vera einn af grunnþáttum leikskólans að vinna út frá áhugahvötinni með því að vekja áhuga barnanna á viðfangsefnum, vera vakandi yfir sterkum hliðum þeirra og vinna út frá því (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2008).

Svefn og hvíld er börnum nauðsynleg; barn sem er að vaxa og þroskast þarf á svefni að halda til að vera fært um að nýta sér það sem umhverfið býður upp á. Svefntími um miðbik dagsins, þar sem barn fær að sofa nægju sína, er mikilvægur hverju barni svo hægt sé að halda áfram leik og starfi.

Umhyggja er öllum mikilvæg en línan milli umhyggju og ofverndunar getur stundum verið óljós og það sem einum finnst vera umhyggja þarf ekki endilega að líta þannig út í annars augum. Þannig virðist hugtakið oft vera matsatriði milli þess sem veitir og þess sem þiggur (Noddings, 2003), leikskólakennarinn verður að vera fær um að geta *lesið* hvert barn og skilið þarfir þess. Því er nauðsynlegt að vera vakandi og spyrja sig: Hvað er ég að gera, hvers vegna og fyrir hvern? Að grípa of fljótt inn í ferli hjá barni getur virkað sem hindrun í stað hjálpar og getur grafið undan sjálfstrausti og frumkvæði barns ef því er bent á lausn í stað þess að leyfa því að spreyta sig sjálft (Noddings, 2003).

Það sem skiptir máli er að leikskólakennarinn sé trúr og samkvæmur sjálfum sér þannig að börnin geti treyst honum. Leikskólakennari þarf að vera meðvitaður um að hann myndir oft sterk tilfinningatengsl við börnin sem eru í hans umsjá og vill kannski ósjálfrátt hlífa þeim við erfiðleikum. Því er mikilvægt er að í leikskólanum sé vettvangur fyrir opna umræðu og ígrundun þar sem allir hafi tækifæri til að tjá sig (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2008).

Félagsþroski

Félags- og tilfinningagreind barna er í mótun öll bernskuárin, því er mikilvægt að byrja snemma að hlúa að og efla þá þætti. Rannsóknir benda til að grunnurinn sé lagður að félags- og tilfinningaþroska barnsins á fyrstu árum þess. Það er hverjum einstaklingi mikilvægt að vera læs á tilfinningar sínar og annarra.

Nýleg langtímarannsókn á áhrifum leikskólaladvalar á vitrænan og félagslegan þroska barna sýnir að það sem skiptir máli eru gæði umhyggjunnar og samskiptanna (Bornstein, Hahn, Gist og Haynes, 2006). Leikskólakennarinn getur nýtt flestar stundir dagsins sem náms- og kennslustundir því leikurinn er námsleið barnsins. Barn byrjar að mynda tengsl við umhverfi sitt um leið og það fæðist, ung börn eru fær um að sýna samkennd með öðrum. Það er í gegnum leik með jafnöldrum og þeim sem lengra eru komin sem barnið þroskar þessi tengsl (Cuffaro, 1995; Damon, 1988). Í gegnum leikinn lærir barnið m.a. félagsleg samskipti, ýmis hugtök og margs konar færni. Manning-Morton og Thorpe (2003) halda því fram að það sem barn lærir fyrir 3 ára aldur hafi áhrif á þroska þess síðar meir; því skipti máli það sem börn fást við.

Að læra að deila með öðrum er félagslegt athæfi sem snýst ekki um að vera „góður“, heldur er það leið til að komast í kynni við aðra og að eiga eitthvað sameiginlegt með öðrum. Barn sem bíður öðru barni afnot af leikfanginu sínu er að skapa aðstæður til að kynnast nánar með því að leika saman (Damon 1988).

Námsumhverfi

„Börn eiga rétt á að þroskast í umhverfi sem er fallett og skólinn á ekki að vera undantekning frá því“ (Vecchi, 1999:133). Umhyggja fyrir umhverfinu felst í fegurð, skipulagi og snyrtimennsku frá hinu stærsta til hins smæsta. Viðhorf hinna fullorðnu til bernskunnar endurspeglast í skipulagi umhverfisins, þeim efniviði, sem börnum er boðinn, og aðgengi barnanna að honum.

Nám barnsins fer fram við flestar athafnir daglegs lífs, bæði inni og úti. Í umhverfi barnsins er að finna margvísleg eiginleg og óeiginleg verkfæri sem hægt er að vinna með. Má þar nefna rýmið, ljós, liti, efnivið, hljóð og lykt. Allt hefur þetta áhrif á skynjun barnsins, hegðun og þar með þroska- og lærdómsferil þess.

Það er á ábyrgð leikskólakennarans að skapa slíkar aðstæður í leikskólaumhverfinu að börn og fullorðnir fái tækifæri til að rannsaka, gera tilraunir og upplifa sem er grundvöllur að því að læra.

Umhverfi leikskóla er of oft hannað út frá þörfum hinna fullorðnu, mikilvægt er að horfa á umhverfið með augum barnanna, út frá þeirra þörfum. Námsvænt umhverfi er sniðið að þörfum barna, þar fá börn tækifæri til að þroskast og dafna á eigin forsendum (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2008).

Börn læra gegnum leik og víxlverkun umhverfis og sjálfs. Umhverfið þarf að vera sífbreytilegt og bjóða upp á marga valkosti með áherslu á gott rými sem hvetur m.a. til sköpunar og samskipta. Námsvænt umhverfi styður við færni barns til sjálfshjálpar.

Leikskólakennarinn er hluti af námsumhverfi barnsins, viðhorf hans og afstaða hefur áhrif á hvað og hvernig börn ná að tileinka sér þekkingu og færni (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2008). Nordin-Hultman (2005) telur að rýmið sendi ákveðin skilaboð um til hvers sé ætlast af börnunum, innilokaður eða óaðgengilegur efniviður sendir þannig skilaboð um að barnið sé ekki fært um að bjarga sér sjálft, það þurfi aðstoð hins fullorðna. Því má svo velta fyrir sér hvaða áhrif slík skilaboð hafa á sjálfsmynd barnsins.

Hlutverk rýmisins ætti að vera að vekja áhuga og forvitni og bjóða upp á að börn fái tækifæri til að eiga í samskiptum. Cuffaro (1995) og Rinaldi (1999, 2001, 2006) telja að umhverfið og efniviður leikskólans endurspegli hugmyndir hinna fullorðnu um þekkingu og færni barna, m.a. um það hvernig börn afli sér þekkingar.

Opinn/skapandi efniviður hentar vel fyrir börn til að kanna heiminn. Í leik sínum með opinn/skapandi efnivið á barnið möguleika á að þjálfast flest – ef ekki öll – skynfæri sín. Samkvæmt Cuffaro (1995) og Rinaldi (1999, 2001 og 2006) á umhverfið að vera búið þeim efniviði, sem á við hvert þroska- og aldursstig, en vera jafnframt ögrandi.

Leikefni leikskólans á að vera öruggt, aldursmiðað, ögrandi og lokkandi þannig að barnið langi til að gera tilraunir og framkvæma. Börn þurfa að fá tíma til að kynnst möguleikum og tækifærum, sem leikefnið býr yfir, og finna sínar eigin leiðir að lausnum.

Staðsetning leikefnisins skiptir máli, t.d. hvað er við hliðina á hverju, hversu greiður er aðgangur barnanna að efniviðnum, er umhverfið hamlandi eða hvetjandi. Hvert barn þarf að geta æft færni sína á eigin forsendum.

Náttúran býr yfir fjölbreyttum efniviði til skapandi leikja, svo sem sandi, steinum, mold, vatni, grasi, trjám og mörgu fleiru. Einnig er þar að finna annan efnivið eins og skordýr, vind, snjó og regn svo dæmi sé tekið um þann fjölbreytta efnivið sem finna má úti í náttúrunni. Ferðir út í náttúruna bjóða upp á ótal möguleika til leikja.

MAT

Börn á aldrinum 1–2 ára, eru oft ekki komin með mjög þróað tungumál en hafa engu að síður samskipti sín á milli sem felast í líkamstjáningu og í gegnum leik. Með því að fylgja eftir einu barni í nokkra daga í senn er hægt að fá mynd af því sem barnið fæst við. Það auðveldar öflun gagna ef tími og viðfangsefni eru valin markvisst og spurningin, sem ætlunin er að fá svör við, er vel ígrunduð. Dæmi: Hvað er barnið að fást við? Við hverja á það samskipti? Hvernig samskipti á barnið við fullorðna? Við önnur börn? Hvað er það sem virðist skipta barnið máli? Hvert er hlutverk barnsins í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir börnin? Mikilvægt er að leikskólakennarinn sé búinn að gera sér grein fyrir hvað hann ætlar að gera með þær upplýsingar, sem hann býr yfir, og greini gögnin samkvæmt því.

Aðferðir við gagnaöflun, sem hafa gefist vel með ungum börnum, eru m.a. að taka upp á myndband, taka ljósmyndir og halda dagbók (loggbók).

Myndband: Einu barni er fylgt eftir, á ýmsum tímum dagsins, í fyrirfram ákveðinn tíma. Með myndbandi er leitast við að horfa á heiminn út frá sjónarhorni barnsins. Úrvinnsla felst í því að kennarinn skoðar myndbandið, einn og/eða með öðrum, og velur hvað á að vinna með áfram. Með því að klippa til myndbandið er hægt að búa til búta til að sýna foreldrum á foreldrafundum, barninu og öðrum sem ætlunin er að gefa innsýn í leikskóladaginn. Einnig er hægt að skrifa nákvæmlega upp valda hluta úr myndbandi á lýsandi hátt.

Ljósmynd: Reynt er að fanga svipbrigði og sýna ferli verkefnis. Reynt er að taka nærmyndir en þó án þess að það trufla barnið. Úrvinnsla felst í ígrundun þar sem leitast er við að skilja það sem birtist á myndinni að viðbættum þeim upplýsingum sem

kennarinn skráir hjá sér þegar myndirnar eru teknar. Ljósmynd getur varpað ljósi á athafnir barnsins sem verða þannig bæði barninu sjálfu og öðrum sýnilegar.

Dagbækur: Skrifað er niður það sem á daga barnsins drífur. Hvernig barnið nærast, hvílist, við hvern/hverja það leikur yfir daginn og hvað barnið fæst við. Við úrvinnslu er lesið úr því sem kemur fram, það krefst þess að hinn fullorðni hafi hlustað á barnið út frá forsendum barnsins. Mikilvægt er að hlustað sé eftir því sem skiptir barnið máli.

Til að fylgjast með framvindu barns í einstaka verkefnum og til að fá fyllri mynd af getu þess og náms- og þroskaleiðum getur verið gott að fylla inn í svokölluð skráningablöð. Þar kemur fram hvað gert var, hver þátttaka barnsins var, hvert ferlið var og hvað má læra af því.

Hvaða leið sem valin er við öflun gagna, er mikilvægt að setja sér markmið um hvað gera skal við upplýsingarnar sem safna á, hvað skuli skoðað, hvernig og hvers vegna. Það skiptir höfuðmáli hvað á að gera með það sem skráð er. Til að skráning komi að gagni fyrir barnið verður leikskólakennarinn að vinna úr og ígrunda skráninguna og koma með tillögur að næstu skrefum.

LOKAORÐ

Markmið með heftinu er varpa ljósi á það starf sem unnið er með yngstu börnum leikskólans og hvað það er sem skiptir máli fyrir þau til að vaxa og dafna. Eins og áður segir er heftið hugmyndafræðilegur grunnur fyrir leikskólana að leita í og vinna úr við gerð eigin námskrá.

Námskrá á að vera lifandi plagg í sífeldri þróun það er hlutverk hvers leikskóla að þróa sína námskrá og halda henni vakandi með umræðum.

Í fylgirit hér aftan við er að finna lesefnislista sem inniheldur lista yfir bækur, tímarit, greinar og vefslóðir. Einnig er þar að finna námskráramma sem fylgir einnig með sem veggspjald. Hugmyndabanka, skráningarblað vegna mats og geisladisk sem inniheldur námskrá og fylgirit.

HEIMILDASKRÁ

- Berk, L. E. og Winsler, A. (1995). *Scaffolding children's learning: Vygotsky and early childhood education*. Washington, D.C: National Association for the Education of Young Children.
- Björkman, Karin. (2003). Inskolning – en del av vardagen. *Förskolan nr.06/2003*
- Bowlby, John. (1973). *Separation: Anxiety and anger*. London: Basic.
- Brodin, Marianne og Ingrid Hylander. (1999). *Att bli sig själv. Daniel Sterns teori i förskolans vardag*. Stokkhólmi: LiberAB.
- Broström, Stig. (2003). *Unity of Care, Teaching and Upbringing – A theoretical contribution towards a new paradigm in early childhood education*. Í M.Karlsson-Lohmander (ritstjóri), *Researching Early Childhood* (bls. 21–37). Gautaborg: Göteborgs Universitet.
- Cuffaro, Harriet. (1995). *Experimenting with the world: John Dewey and the early childhood classroom*. New York: Teachers College Press.
- Damon, William. (1988). *The Moral Child. Nurturing Childrens Natural Moral Growth*. New York: The Free Press.
- Frost, Joe L., Wortham, Sue C. og Reifel Stuart. (2005). *Play and Child Development*. Upper Saddle River: Pearson.
- Galardini, A og Giovannini, D . (2001). Pistoia: Creating a dynamic open system to service children, families and community. Í Lella Gandini og Caroly Pope Edwards (ritstjórar), *Bambini. The Italian approach to infangt/toddler care* (bls 89-105).
- Goldschmied, Elinor og Sonia Jackson. (1994). *People under three. Young children in day care*. London: Routledge.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir. (2006). *Lengi býr að fyrstu gerð: Kennsluleiðbeiningar fyrir leikskólastarf með 1–3 ára börnum*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Karlsson-Lohmander, Maelis og Pramling-Samuelsson, Ingrid. (2003). Is it possible to integrate care, play and learning in early childhood education? *Researching Early Childhood*, 5, 95–110.
- Kristín Dýrfjörð. (2009). *Þegar barn byrjar í leikskóla: Þátttökuaðlögun*. Sótt 30. september 2009 á slóðina <http://www.sare.is/hugmynd/adlogun/>
- Lindqvist, Gunilla (ritstjór). (2004). *Vygotsky, om læring som udviklingsvilkår*. Århus: Klim.

- Mahler, Margaret, Fred Pine og Anni Bergman. (1984). *Barnets psykiska födelse: Symbios och individuation*. (Ingaborg Löfgren þýddi á sænsku). Stokkhólmur: Natur och Kultur.
- Manning-Morton, Julia og Maggie Thorp. (2003). *Key times for play. The first years*. Maidenhead: Open University Press.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Noddings, Nel. (2002). *Educating moral people: A caring alternative to character education*. New York: Teachers College Press.
- Nordin-Hultman, Elisabeth (2005). *Pedagogiska miljöer och barns subjektskapande*. Stokkhólmi: Liber AB.
- Rinaldi, Carlina. (1999). The space of childhood. Í G. Ceppi og M. Zini (ritstjórar), *Children, spaces, relations. Metaproject for an environment for young children* (bls. 114-120). Reggio Emilia: Reggio Children og DA Research Center.
- Rinaldi, Carlina. (2001). Documentation and assessment. Í C. Giudici, C. Rinaldi og M. Krechevsky (ritstjórar), *Making learning visible: Children as individual and group learners* (bls. 78-90). Reggio Emilia: Reggio Children og DA Research Center.
- Rinaldi, Carlina. (2006). In *Dialogue with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. London: Routledge.
- Shore, Rima. (1997). *Rethinking the brain. New insights into early development*. New York: Families and work institute.
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2004). „*Það þarf að koma frá hjartanu*“. Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins Lífsleikni í leikskóla 2001–2004. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2008). *Unhyggja í leikskóla: Viðhorf og starf leikskólakennara*. Óbirt meistaraverkefni: Kennaraháskóli Íslands.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. Aldar*. Reykjavík: Heimskringla. Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sroufe, Alan L. (1997) *Emotional development: The Organization of emotional life in the early years*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Vecchi, Vea. 1999. What kind of space for living well in school? *Children, space, relations, metaproject for an environment for young children*. Giulio Ceppi og Michelle Zini, (ritstjórar), bls.128-135. Reggio Emilia, Reggio Children og DA Research Center.
- Westmark, Peter. (2002). Relationskompetence – et didaktisk perspektiv. Í P. K. Johansen (ritstjóri), *Psykologisk Pædagogisk Rådgivning*, 39, 332–344. Kaupmannahöfn: Psykologisk Forlag A/S.

FYLGIRIT

NÁMSKRÁRAMMI	15
HUGMYNDABANKI	20
SKRÁNINGARBLAÐ MEÐ SKÝRINGUM	29
SKRÁNINGARBLAÐ	30
LESEFNISLISTI	31
TÍMARIT.....	36
<i>Vefslóðir</i>	<i>37</i>

Námskrárammi

Námssvið leikskóla	Umönnun	Hreyfing	Málrækt	Myndsköpun	Tónlist	Náttúra og umhverfi	Menning og samfélag	Stærðfræði
Þroskaþættir	Tilfinningaþroski, félagsþroski, líkams- og hreyfiþroski	Líkams- og hreyfiþroski, vitsmuna- og félagsþroski	Málþroski, vitsmunarþroski, félagsþroski og fagurþroski	Fagurþroski, hreyfiþroski, vitsmunarþroski, félagsþroski og málþroski	Fagurþroski, vitsmunarþroski, félagsþroski og hreyfiþroski	Vitsmunarþroski, hreyfiþroski og fagurþroski	Tilfinningaþroski, siðgæðisþroski, félagsþroski og vitsmunarþroski	Vitsmunarþroski, félagsþroski, málþroski, líkams- og hreyfiþroski.
Markmið	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn
	<p>Skynji að foreldrar og kennarar eru bakhjarlar þess og samherjar.</p> <p>Upplifi öryggi í samskiptum við fullorðna og börn í leikskólanum.</p> <p>Upplifi öryggi í hinu efnislega umhverfi.</p> <p>Treysti að þörfum þess sé mætt.</p>	<p>Fái hreyfiþörf sinni fullnægt og efli með því hreyfiþroska, hreyfigetu og samhæfingu.</p> <p>Þrói með sér jákvæða líkamsvitund.</p> <p>Fái að spreyta sig við daglegar athafnir.</p> <p>Eigi kost á alhliða hreyfingu, fái að reyna á sig og slaka á.</p> <p>Noti fjölbreytt áhöld.</p> <p>Upplifi að borin sé virðing fyrir þörfinni til</p>	<p>Fái tækifæri til að auka orðaforða sinn og leika sér með hljóðkerfi tungumálsins.</p> <p>Heyri fjölbreytt og vandað mál.</p> <p>Tjái sig við aðra og taki þátt í samræðum.</p> <p>Noti tákn með tali.</p>	<p>Vinni með fjölbreyttan efnivið.</p> <p>Virði verk annarra og upplifi að borin er virðing fyrir eigin verkum.</p> <p>Tjái sig um verk sín.</p>	<p>Upplifi og njóti hljóða, hreyfingar og hrynjanda.</p> <p>Þroski með sér frumkvæði og frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist.</p> <p>Kynnist ýmsum hljóðfærum og hljóðgjöfum og eiginleikum þeirra.</p> <p>Kynnist margvíslegri tónlist.</p>	<p>Upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útveru í íslenskri veðráttu.</p> <p>Kynnist lífríkinu í nánasta umhverfi.</p> <p>Umgangist náttúruna af virðingu.</p>	<p>Eigi jákvæð samskipti við aðra sem eru hluti af samfélagi þess.</p> <p>Sjái sjónarmið annarra.</p> <p>Sýni umburðarlyndi, hjálpssemi og tillitsemi gagnvart jafnöldrum.</p> <p>Fái að bera ábyrgð.</p> <p>Fái tækifæri til að greina á milli leiks og alvöru.</p> <p>Takist á við ögrandi viðfangsefni sem reynir á og drífur það áfram</p>	<p>Hafi aðgang að efnivið sem stuðlar að skynjun og notkun á stærðfræðilegum hugtökum.</p> <p>Telji, raði, flokki og greini í daglegu lífi.</p>

		þess að hreyfa sig.					í þroska.	
Leiðir	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn	Að barn
Leikur	<p>Fái tækifæri til að taka þátt í hlutverkaleik, þar sem það fær að annast brúður og tuskudýr.</p> <p>Fái tækifæri á að skiptast á og deila upplifun og leikefni með öðrum.</p>	<p>Hafi aðgang að skapandi umhverfi, úti og inni, og geti beitt bæði fín- og grófhreyfingu m.</p> <p>Hafi gott rými fyrir skynhreyfileiki.</p> <p>Fari í hringleiki og aðra leiki sem reyna á líkamsbeitingu.</p>	<p>Hafi aðgang að bókum við hæfi.</p> <p>Upplifi að einhver er til staðar sem hlustar og setur orð á athafnir.</p> <p>Fái tækifæri til að eiga í samskiptum við jafnaldra og æfa hugtök og orð.</p>	<p>Hafi aðgang að fjölbreyttu leikefni til skapandi vinnu.</p> <p>Taki þátt í sameiginlegum myndlistarverku m.</p> <p>Tjái sig um verk sín.</p>	<p>Hafi tækifæri til að leika frjálst með hljóðfæri og hljóðgjafa og hlusta á fjölbreytta tónlist.</p> <p>Fái að dansa frjálst eftir mismunandi tónlist.</p>	<p>Hafi aðgang að náttúrulegu leikefni, t.d. vatni, steinum, sandi og tré og öðru því sem náttúran býður upp á.</p>	<p>Fái tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun um val á leik og leikefni.</p> <p>Hafi tækifæri til að taka þátt í leikjum sem bera í sér að greina á milli leiks og alvöru og að gefa og þiggja.</p> <p>Fái tækifæri til að ganga frá eftir leikinn.</p> <p>Upplifi kímni.</p>	<p>Hafi aðgang að efnivið sem hvetur til og eykur skilning á stærðum, formi, lit og fjölda.</p>
Líkamleg umhirða	<p>Fá tækifæri til að skynja líkama sinn.</p> <p>Geti treyst því að fá hreina bleiu þegar þess þarf og aðstoð við að hætta með bleiu þegar það er tilbúið til.</p> <p>Sé klætt í fatnað sem tekur mið af umhverfishita og heftir ekki</p>	<p>Fái tækifæri á að bjarga sér sjálft, eins og að þvo hendur, klæða sig í eftir bleiuskipti.</p> <p>Fái snertingu t.d. í formi nudds.</p>	<p>Upplifi notalegt spjall við bleiuskipti.</p> <p>Fái að æfa heiti líkamshluta.</p> <p>Telji fingur og tær.</p>	<p>Noti hlífðarföt þegar unnið er með efnivið sem getur óhreinkað föt.</p> <p>Fái að þvo sér sjálft um hendurnar að verki loknu.</p>		<p>Fái að þvo sér sjálft eftir útiveru.</p> <p>Klæði sig eftir árstíðum og veðri.</p>	<p>Upplifi hreinlæti og snyrtimennsku.</p>	<p>Telji fingur og tær.</p> <p>Telji líkamshluta, augu, eyru, munn, hendur og fætur.</p>

	hreyfingar þess. Upplifa nánd.							
Útivera Vettvangs- ferðir	Fái aðstoð við að klæða sig í og úr í fataherbergi. Fái tækifæri á að anda að sér hreinu lofti. Fái tækifæri til að kynnast og læra á nánasta umhverfi sitt undir öruggri handleiðslu leikskólakennara.	Taki þátt í frjálstri hreyfingu og leikjum. Noti fjölbreytt tæki. Fá tækifæri til að spreyta sig á að renna úlpu og klæða sig úr og í. Fái tækifæri til að ganga í mismunandi landslagi.	Fái tækifæri til að ræða um umhverfi, klæðnað og veður. Heyri fjölbreytt hugtök um veður. Heyri orð um athafnir eins og að ganga, hlaupa, stökkva, jafnvægi og fleira.	Vinni úr efnivið úr náttúrunni. Veiti athygli formum og litum í umhverfinu.	Hlusti eftir hljóðum náttúrunnar og umhverfisins. Búi til hljóðgjafa úr efnivið náttúrunnar.	Veiti athygli dýrum og plöntum í umhverfinu. Leiki sér í mismunandi landslagi og við mismunandi aðstæður. Fái að vera úti í flestum veðrum.	Heilsi og kveðji. Upplifi jákvæð samskipti kennara og foreldra við komu og brottför. Fari í gönguferðir um nánasta umhverfi sitt.	Heyri hugtök eins og langt, stutt, hratt, hægt, þröngt, vítt, stórt, lítið, opið og lokað.
Aðlögun	Tengist einum fullorðnum. Finni fyrir öryggi og trausti gagnvart umhverfi leikskólans.	Fái að hreyfa sig frjálst um í öruggu umhverfi.	Upplifi að á það er hlustað.	Fái tækifæri til að prófa nýjan efnivið og nýjar upplifanir með stuðningi kennarans.	Fái að hlusta á rólega tónlist sem skapar notalegt og öruggt andrúmsloft.	Kanni sitt nánasta umhverfi.	Læri að vera hluti af samfélagi leikskólans.	Upplifi að vera hluti af hóp.
Samvera	Upplifi nálægð og vellíðan og að vera hluti af hóp.	Fari í jógaleiki og hermileiki Fari í handa- fingra- andlits- og tunguleikfimi.	Hlusti á sögur og bækur. Fari með þulur og rím. Fái tækifæri til að orða hugsanir sínar og gerðir.	Fái tækifæri til að deila upplifun sinni með öðrum.	Fái að hlusta á fjölbreytta tónlist. Fái að slá og klappa takt og hrynjanda. Syngi lög, ljóð og hreyfisöngva.	Hlusti á sögur og bækur um umhverfið, dýr og plöntur. Skoði og upplifi árstíðir og veðurfar. Fái að taka náttúruna með inn.	Ræði um sjálft sig og fjölskyldu sína. Heyri aðra segja frá sér og sínum fjölskyldum.	Hlusti á sögur og syngi söngva og vísur sem fjalla um stærðir og fjölda. Sitji saman, við hliðina á, fyrir framan og aftan og í hring.

Matartími	Skynji matartíma sem góða stund þar sem þörf fyrir fæðu er uppfyllt. Fái tíma til að njóta matarins.	Noti mataráhöld, smyrji, helli og matist sjálf. Hjálpi til við að leggja á og bera af borði.	Upplifi notalegt spjall um leið og matast er, um matinn og það sem efst er á baugi hverju sinni.	Fái tækifæri til að sjá fallega fram borinn mat, þar sem leitast er við að leyfa hverju hráefni að njóta sín. Ræði um liti, lykt og áferð matarins.	Hlusti eftir hljóðum og hljómfalli umhverfisins.	Ræði hvaðan maturinn kemur. Fái tækifæri til að borða úti.	Fái að sitja til borðs saman með öðrum. Noti góða borðsiði, sýni tillitsemi og samhjálp. Fái tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun um hvað og hversu mikið er sett á diskinn.	Pari saman eitt barn ein skeið, gaffall, diskur og glas. Læri um fjölda og magn.
Svefn	Upplifi vellíðan í rólegu og hlýlegu umhverfi.	Fái að sofa eins lengi og það þarfnast og vill og endurnæri líkamann.	Heyri sögur, vögguvísur og sönglög.		Hlusti á þögnina og róandi tónlist.	Hlusti á hljóð náttúrunnar.	Skynji eigið rými og búnað.	Liggi við hliðina á.

Hugmyndabanki

Umönnun



Námskrá fyrir 1-2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Markmið að barn

Skynji að foreldrar og kennarar eru bakhjarlar þess og samherjar.

Upplifi öryggi í samskiptum við fullorðna og önnur börn í leikskólanum.

Upplifi öryggi í hinu efnislega umhverfi.

Treysti að þörfum þess sé mætt.

Leikur

Hlutverkaleikir, þar sem barn fær tækifæri til að annast um brúður og tuskudýr.

Barn fái tækifæri á að skiptast á og deila upplifun og leikefni með öðrum, boðskiptaleikir, gjugg í borg, eftirhermuleikir. Leikskólakennarinn sé ávallt til staðar og tilbúinn til að styðja við leik og samskipti. Barn fái að uppgötva og læra á eigin forsendum.

Samvera

Barn upplifi nálægð og vellíðan og að vera hluti af hóp.

Læra að deila athygli fullorðinna með öðrum börnum.

Barn fái að sitja í fangi kennarans þegar það þarfnast þess.

„Les“ myndabækur, með t.d. fjölskyldumyndum.

Syngja barnagælur.

Fá börn í einu í samveru – skipta stórahópnum í nokkra litla eftir þörfum.

Líkamleg umhirða

Fá tækifæri til að skynja líkama sinn.

Geti treyst því að fá hreina bleiu þegar þess þarf og aðstoð við að hætta með bleiu þegar það er tilbúið til.

Sé klætt í fatnað sem tekur mið af umhverfishita og heftir ekki hreyfingar þess.

Upplifa nánd.

Losa sjálf um bleiu. Þvo sér og þurrka sjálf um hendur.

Að bleiuskiptastundir séu gæðatími kennara og barns þar sem hver fær þann tíma sem hann þarfnast.

Matartími

Barn skynji matartímann sem góða stund þar sem þörf fyrir fæðu er uppfyllt. Barn fái nægan tíma til að matast sjálf og njóta matarins.

Opin umræða um málefni líðandi stundar, það sem er efst á baugi í barnahópnum og/eða einstaka barni.

Skapa rými og tíma til samræðna.

Útivist og vettvangsferðir

Barn fái aðstoð við að klæða sig í og úr í fataherbergi.

Barn fái tækifæri til að anda að sér hreinu útilofti.

Barn fái tækifæri til að kynnast og læra á nánasta umhverfi sitt undir öruggri handleiðslu leikskólakennara.

Læra að rata sjálf frá leiktækjum að útihurð og um leikskólalóðina. Upplifa leikskólalóðina sem öruggan og skemmtilegan íverustað.

Aðlögun

Barn tengist einum fullorðnum. Finni fyrir öryggi og trausti gagnvart umhverfi leikskólans.

Barn fái góðan tíma, til að kynnast nýjum aðstæðum.

Leikskólakennarinn lærir á þarfir hvers barns og þau á kennarann.

Svefn

Barn upplifi vellíðan, í rólegu og hlýlegu umhverfi.

Breiða yfir hvert barn, gefa stroku á bak þeim sem þess þurfa. Að hvert barn fái þá hvíld sem það þarfnast daglega.

Hvert barn á sinn eigin svæfil og sæng/teppi.

Börnin komi með kotta að heiman.

Hvert barn geti haft þá hluti að heiman sem það þarfnast til að vera örugg í hvíldinni, eins og snuð, dýr eða annað sem barnið hefur þörf fyrir.

Hreyfing



Námskrá fyrir 1-2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Markmið að barn

Fái hreyfiþörf sinni fullnægt og efla með því hreyfiþroska, hreyfigetu og samhæfingu.

Þrói með sér jákvæða líkamsvitund.

Fái að spreyta sig við daglegar athafnir.

Eigi kost á alhliða hreyfingu, fáa að reyna á sig og slaka á.

Noti fjölbreytt áhöld.

Upplifi að borin sé virðing fyrir þörfinni til þess að hreyfa sig.

Leikur

Barn hafi aðgang að skapandi umhverfi, úti og inni, og geti beitt bæði fín- og grófhreyfingum.

Barn hafi gott rými fyrir skynhreyfileiki.

Barn fari í hringleiki og aðra leiki sem reyna á líkamsbeitingu.

Hoppa niður af stólum og pöllum, hoga í tröppum. Klippa, leira, lita og pinna. Boltaleikir, rúlla, kasta, elta og sækja. Kubbaleikir. Hlutverka- og bílaleikir. Útileikir, moka í sandkassa, hlaupa um, róla, vega og klifra upp rennibraut, brekkur og tröppur.

Líkamleg umhirða

Barn fá tækifæri til að bjarga sér sjálft, eins og að þvo hendur og klæða sig sjálft í eftir bleiuskipti. Barn fá snertingu í formi nudds.

Létt nudd þegar skipt er um bleiu.

Bera krem á hvert annað og sjálft sig.

Fara sjálft upp á skiptiborðið. Klappa á maga, læri og tær.

Skrúfa fyrir og frá krana, pumpa sápu í lófann, þurrka sér.

Fá að vera berfættur í grasi og sandi, upplifi mismunandi snertingu við mismunandi áferði.

Útivera, vettvangsferðir

Barn taki þátt í frjálstri hreyfingu og leikjum. Barn noti fjölbreytt tæki.

Barn fá tækifæri til að spreyta sig á að renna úlpu og klæða sig úr og í. Barn fá tækifæri til að ganga í mismunandi landslagi og takast á við veðrið.

Reyna á sig við mismunandi aðstæður. Fara í gönguferðir út fyrir leikskólalóðina.

Hlaupa á milli ljósastaura og bekkja í gönguferðum.

Jafnvægisæfingar á sandkassabrun og kantsteinum.

Ganga upp og niður tröppur.

Samverustund

Fara í jógaleiki og hermileiki.

Fara í handa-, fingra-, andlits- og tunguleikfimi.

Syngja lög með hreyfingum eins og;

höfuð, herðar, hné og tær,

hreyfa litlar hendur,

gulur, rauður, grænn og blár,

hókí, póki,

litlu andarungarnir.

Barn fá að taka þátt í að segja sögur með hreyfingum.

Fara í flöskustút þar sem verkefni reyna á líkamasgetu og efla hreyfiþroska.

Matartími

Barn noti mataráhöld, smyrji, helli og matist sjálft. Hjálpi til við að leggja á og bera af borðinu.

Barn æfir sig í að nota hníf og gaffal og skeið.

Drekka úr glasi sem er ekki með stút.

Aðstoða við að sækja matarvagninn í eldhúsið, ýta, draga.

Aðlögun

Barn fá að hreyfa sig frjálst um í öruggu umhverfi.

Svefn

Barn fá að sofa eins lengi og það þarfnast og vill og endurnæri líkamann.

Barn skynji eigið rými.

Fá gott pláss og næði til að geta teygst úr sér eftir svefninn.

Málrækt



Námskrá fyrir 1-2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Markmið að barn

Fái tækifæri til að auka orðaforða sinn og leika sér með hljóðkerfi tungumálsins.

Heyri fjölbreytt og vandað mál.

Tjái sig við aðra og taki þátt í samræðum.

Noti tákn með tali.

Leikur

Hafi aðgang að bókum við hæfi. Upplifi að einhver er til staðar sem hlustar og setur orð á athafnir. Barn fái tækifæri til að eiga í samskiptum við jafnaldra og æfa hugtök og orð. Barn hafi aðgang að efnivið sem stuðlar að notkun og eykur skilning á fjölbreyttum hugtökum og orðum.

Myndabingó, hringleikir, veiðispil.

Hvetja til samskipta milli barnanna í leik.

Hvetja til samleiks.

Líkamleg umhirða

Barn upplifi notalegt spjall við bleiuskipti. Barn fái að æfa heiti líkamshluta, telja fingur og tær.

Gefa bleiuskiptum góðan tíma og setja orð á líkamshluta. Tala um það sem verið er að gera, svara barni til baka með því að umorða/orða.

Syngja „bullu“-lög, um t.d. barnið eða það sem er að gerast.

Útivera og vettvangsferðir.

Barn ræði um umhverfi, klæðnað og veður. Leikskólakennarinn noti fjölbreytt hugtök um veður. Barn fái að heyra orð um ýmsar athafnir eins og að hlaupa, ganga, stökkva, jafnvægi og fleira.

Nefna markvisst og meðvitað heiti og hugtök yfir það sem fyrir augu og eyru ber úti.

Nota hugtök yfir föt, tengja saman föt og veður.

Nota hugtökin vinstri og hægri.

Vettvangsferð á bókasafn.

Samverustund

Barn hlusti á sögur, bæði frásagnir og úr bókum. Barn heyri farið með þulur og rím. Fái tækifæri til að orða hugsanir sínar og gerðir.

Lesu sömu bókina og segja sömu sögurnar aftur og aftur.

Spyrja spurninga úr sögunum, nota opnar spurningar.

Gera sögur lifandi með því að nota hluti eins og dýr og handbrúður, athuga pokasögur.

Standa fyrir framan hópinn og tjá sig.

Ræða saman um það sem búið er að gera, t.d. í samveru fyrir hádegismat að segja frá því sem gert var um morguninn.

Nota tákn með tali og ungbarnatákn þegar sagðar eru sögur og sungið.

Skipta hópnum upp í litlar einingar, stundum eða alltaf.

Matartími

Barn upplifi notalegt spjall um leið og matast er, um matinn og það sem efst er á baugi hverju sinni.

Nota tákn með tali um matinn. Æfa hugtök eins og gott og hollt, á diskinn, upp í munninn, ofan í magann og svo framvegis. Orða hugtakið lykt; lyktar eins og..., góð lykt af..., á hvað minnir þessi lykt... og svo framvegis. Hvetja barnið til að biðja um meira að borða og drekka. Hvetja börnin til að biðja hvort annað um aðstoð, hjálp.

Hvetja börnin til að nota hugtök um áhöld og búnað sem tengjast mat og matseld.

Tala um bragð, lykt, liti og form.

Aðlögun

Barn upplifi að á það er hlustað.

Svefn

Hlusti á sögur, vögguvísur og íslensk sönglög.

Nota hugtök eins og hvíld, svefn, slökun, þreyta, koggi, svæfill, teppi, dýna, lak, sæng og fleiri hugtök sem tengjast svefni og hvíld.

Myndsköpun



Námskrá fyrir 1-2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Markmið að barn

Vinni með fjölbreyttan efnivið.

Virði verk annarra og upplifi að borin er virðing fyrir eigin verkum.

Tjái sig um verk sín.

Leikur

Barn hafi aðgang að fjölbreyttu leikefni til skapandi vinnu.

Taki þátt í sameiginlegum myndlistaverkum.

Tjái sig um verk sín.

Færiband og fleiri samvinnu verkefni.

Mála hendur og fætur og stimpla. Mála iljar og labba yfir renning. Búa til vinatré með handaförum.

Mála á spegil.

Leira með jarðleir. Hylja gólf með pappír, líma vel niður, bjóða upp á mismunandi efni til að vinna úr, tréliti, tússliti, málningu, vatnsliti og svo framvegis.

Líkamleg umhirða

Noti hlífðarföt þegar unnið er með efnivið sem getur óhreinnað föt.

Fái að þvo sér sjálf um hendurnar að verki loknu.

Tala um hvers vegna við notum svuntur þegar málað er.

Nota sápu sem freyðir mikið og leyfa börnunum að sulla.

Fá að mála með líkamanum á stórt blað, nota búðing og annan efnivið sem er óhætt að fari í munn.

Útivera og vettvangsferðir

Barn vinni úr náttúrulegum efnivið úti. Veita athygli formum og litum í umhverfinu.

Teikna í sandinn með prikum/greinum.

Vekja athygli á litum og formum í náttúrunni.

Fara á listasafn. Skoða útilistaverk.

Kríta á stéttina. Mála úti með vatni og vatnslitum.

Byggja í sandkassanum.

Lita snjó. Frysta litað vatn, fara með út og byggja/búa til mynstur.

Búa til drullukökur og drullumalla.

Samverustund

Barn fá tækifæri til að deila upplifun sinni með öðrum.

Tala um listaverk barnanna, segja frá, skoða saman.

Matartími

Fái tækifæri til að sjá fallega fram borinn mat, þar sem leitast er við að leyfa hverju hráefni að njóta sín.

Mjólkin er hvít eins og ...

Agúrka er græn eins og ...

Máisbaunir eru gular eins og...

Epli eru rauð eins og ...

Aðlögun

Barn fá tækifæri til að prófa nýjan efnivið og nýjar upplifanir með stuðningi leikskólakennarans.

Svefn

Börnin búi til óróa eða eitthvað annað fallett til að horfa á og skapar ró, til að setja í loftið á hvíldarherberginu.

Tónlist



Námskrá fyrir 1-2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Markmið að barn

Upplifi og njóti hljóða, hreyfingar og hrynjanda.

Þroski með sér frumkvæði og frjálssa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist.

Kynnist ýmsum hljóðfærum og hljóðgjöfum og eiginleikum þeirra.

Kynnist margvíslegri tónlist.

Leikur

Barn hafi tækifæri til að leika frjálst með hljóðfæri og hljóðgjafa og hlusta á fjölbreytta tónlist.

Fái að dansa frjálst eftir mismunandi tónlist.

Nota slæður til að dansa með.

Leika með mismunandi hljóðfæri.

Túlka söng og tónlist í dansi.

Leika með bjölluhrstur. Fara í hreyfileiki og hafa tónlist undir.

Fylla dósir, plast og járn, með hrísgrjónum, baunum og sandi.

Líkamleg umhirða

Raula og humma lag, sérstaklega ef barn er órólegt.

Syngja bullulög um það sem verið er að gera.

Útivera og vettvangsferðir

Barn hlusti eftir hljóðum náttúrunnar og umhverfisins.

Búi til hljóðgjafa úr efnivið náttúrunnar.

Hlusta eftir fuglasöng og flugnasuði.

Hlusta á rigninguna smella á mismunandi undirlag, t.d. timbur, í fötu (plast og járn), stétt.

Safna hljóðgjöfum eins og steinum og spýtum, í gönguferðum.

Samverustund

Barn fái tækifæri til að hlusta á fjölbreytta tónlist. Slá og klappa takt og hrynjanda. Syngja lög, ljóð og hreyfisöngva.

Dansa og leika með bjölluhrstur.

Slá taktinn með tré- og plastsleifum.

Hlusta á tónlist frá mismunandi menningarsvæðum.

Klappa atkvæði í nafni.

Hlusta á diska með dýrahljóðum og umhverfishljóðum.

Matartími

Barn hlusti eftir hljóðum og hljómfalli umhverfisins.

Fyrir matinn að syngja lög um mat.

Við erum svangir krakkar...

Allur matur á að fara...

Spila lágstemmda tónlist undir í matartímum, jazz, blues, píanótónlist.

Alögun

Hlusti á rólega tónlist sem skapar notalegt og öruggt andrúmsloft.

Svefn

Barn hlusti á þögnina. Hlusti á róandi tónlist.

Hlusta á róandi tónlist.

Syngja vögguvísur á meðan ró er að komast á.

Hlusta á hjartsláttinn sinn og andardrátt.

Hlusta á svefnhljóðin í kringum sig.

Náttúra og umhverfi



Námskrá fyrir 1-2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Markmið að barn

Upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenskri veðráttu.

Kynnist lífríkinu í nánasta umhverfi.

Umgangist náttúruna af virðingu.

Leikur

Barn hafi aðgang að náttúrulegu leikefni, t.d. vatni, steinum, sandi, greinum og öðru því sem náttúran býður upp á.

Byggja úr snjó.

Setja matarlit í snjóinn.

Taka snjóinn inn.

Sulla í pollum.

Drullumalla.

Henda steinum í polla.

Brjóta frostskaeni á pollum.

Sá fyrir plöntum og sumarblómum, fylgjast með vexti.

Líkamleg umhirða

Barn þvoi sér um hendur eftir útiveru. Barn klæði sig eftir veðri og árstíðum.

Skoða sig í spegli eftir útiveru, t.d. í frosti og snjó að skoða rauðar kinnar.

Klæða sig eftir árstíðum og veðri.

Hafa plástur og snýtubríf með í gönguferðum.

Útivera og vettvangsferðir

Veiti athygli dýrum og plöntum í umhverfinu. Læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.

Leiki sér í mismunandi landslagi og við mismunandi aðstæður.

Fái að vera úti í flestum veðrum.

Nota efnivið náttúrunni til listsköpunar, mála með greinum, stráum, teikna í sand, mála laufblöð.

Skoða skordýr og náttúru í gegnum stækkunargler.

Velta við steinum og rannsaka.

Taka eftir því sem fyrir augu ber í gönguferðum, eins og hundum, köttum og krummum og öðrum fyrirbærum.

Velja sér tré eða blett í grennd við leikskólann og fylgjast með árstíðar breytingum.

Fara í náttúrugripasafn.

Samverustund

Barn hlusti á sögur/bækur um sitt nánasta umhverfi, um dýr og plöntur. Skoða árstíðir og veðurfar.

Barn fái tækifæri til að taka náttúruna inn í leikskólann.

Taka inn lauf á haustin, snjó á vetrum og svo framvegis.

Lesu bækur um árstíðir.

Lesu bækur um náttúru og dýr.

Lesu bækur og segja sögur sem eru sprottnar úr umhverfi barnsins, munnmælasögur.

Umræður um veður, breytingar og áhrif.

Syngja lög um árstíðir, náttúruna, fugla og önnur dýr.

Syngja lög úr Vísnaþókinni.

Umræður um hvað er eins og hvað ekki t.d. svefnstæði barna og dýra.

Matartími

Barn taki þátt í umræðum um hvaðan maturinn kemur og um næringu og hollustu.

Barn fái tækifæri til að borða úti.

Borða úti á skólalóðinni í mismunandi veðri.

Leitast eftir því að vera með mat úr héraði, heimabyggð. Hafa árstíðabundinn mat.

Borða mat sem ræktaður er í leikskólanum og hans nánasta umhverfi eins og grænmeti og ber.

Fara með nesti í gönguferðir.

Fara með afgangsmat í safnhaug/safnkassa.

Fylgjast með hvernig mismunandi matur breytist, grafa holur og fylgjast með breytingum yfir einhvern tíma.

Aðlögun

Kanni sitt nánasta umhverfi.

Fái aðstoð við að læra á umhverfi leikskólans.

Svefn

Hlusti á hljóð náttúrunnar.

Hlusti eftir rigningu, vindi og fuglum.

Barn fái tækifæri til að sofa úti í vagni.

Hafa gott loft í hvíldarherberginu.

Menning og samfélag



Námskrá fyrir 1-2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Markmið að barn

Eigi jákvæð samskipti við aðra sem eru hluti af samfélagi þess.

Sjái sjónarmið annarra.

Sýni umburðarlyndi, hjálpsemi og tillitsemi gagnvart jafnöldrum.

Fái að bera ábyrgð.

Fái tækifæri til að greina á milli leiks og alvöru.

Leikur

Barn fá tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun um val á leik og leikefni.

Fari í leiki sem bera í sér að greina á milli leiks og alvöru og að gefa og þiggja.

Fái tækifæri til að ganga frá eftir leikinn. Upplifa kímni.

Leika samhliðaleik, mynda tengsl, skiptast á hlutum, deila með öðrum.

Setja á sig hatt, klæða sig í búninga.

Setja orð á tilfinningar þegar barnið sýnir þær í leik, eins og glöð/glaður, reið/reiður, hissa, undrandi, leið/leiður.

Setja orð á dygðir sem birtast í leik barnanna, virðing, tillitsemi, hjálpsemi, hugrekki og svo framvegis.

Bjóða upp á dúkkur með mismunandi húðlit og kyn.

Samverustund

Ræði um sjálft sig og fjölskyldu sína. Heyri aðra segja frá sér og sínum fjölskyldum.

Þar sem eru börn af fleiri en einu þjóðerni eru lesnar sögur frá þjóðlöndum þeirra, sungnir söngvar, lögð inn einstaka orð.

Skoða myndabækur frá mismunandi menningarsvæðum.

Opna fyrir umræður um hin mismunandi hlutverk sem tilheyra samfélagi, hvar vinna mamma og pabbi. Hver kemur með matinn í leikskólann, fylgjast með þegar sendingar koma, fylgjast með sorphirðubílum og svo framvegis.

Líkamleg umhirða

Barn upplifi hreinlæti og snyrtimennsku.

Þvo sér um hendur eftir bleiuskipti og salernisferðir.

Þvo sér sjálf/sjálfur um munninn, með litlum þvottaklútum, eftir matmálstíma.

Matartími

Fái að sitja til borðs saman með öðrum.

Noti góða borðsiði, sýni tillitsemi og samhjálp.

Fái tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun um hvað og hversu mikið er sett á diskinn.

Fullorðnir séu góð fyrirmynd og borði með börnunum. Tala um hvað maturinn er góður, girnilegur, spennandi og svo framvegis.

Þegar það á við að tala um hvaðan maturinn kemur, eins og pizza og spaghetí frá Ítalíu, hrísgrjón frá Kína.

Þar sem eru börn frá mismunandi þjóðernum að hafa mat frá þjóðlöndum þeirra og nota þeirra matarsíði/áhöld.

Útivist og vettvangsferðir

Barn heilsi og kveðji. Upplifi jákvæð samskipti kennara og foreldra við komu og brottför.

Fari í gönguferðir um nánasta umhverfi sitt.

Heilsa og kveðja með hugtökum eins og „komdu sæl“ „vertu blessuð“.

Fara í gönguferðir og vettvangsferðir um nánasta umhverfi.

Fara að húsum allra í hópnum, skoða hvar við búum, hver býr nálægt hverjum og svo framvegis.

Aðlögun

Barn læri að vera hluti af samfélagi leikskólans.

Gefa sér tíma til að ræða við foreldra og barn um það sem fram fer í samfélaginu leikskóli. Gera leikskóladaginn sýnilegan með myndum af barninu í leik.

Svefn

Barn skynji eigið rými og búnað.

Barnið læri að róa sig sjálft. Barnið læri að taka tillit til annara í hvíldinni.

Mín dýna, mitt snuð, minn bangsi/dúkka.

Markmið að barn:

Hafi aðgang að efnivið sem stuðlar að skynjun og notkun á stærðfræðilegum hugtökum.

Telji, raði, flokki og greini í daglegu lífi.

Leikur

Hafi aðgang að efnivið sem hvetur til og eykur skilning á stærðum, formi, lit og fjölda.

Flokkunar- og talnaleikir.
Kubbaleikir. Einingakubbar.
Könnunarleikir. Þörunarleikir.
Fyrirmælaleikir;

náðu í rauða kubbinn,

rétu mér tvo gula kubba.

Þræða, perlur og tölur upp á band.

Setja mismikinn litaðan vökva í brúsa, merkja með 1 til 10 öðrum megin og setja jafnmargar doppur hinum megin.

Líkamleg umhirða

Telji fingur og tær. Telji líkamshluta, augu, eyru, munn, hendur og fætur.

Noti hugtök eins og lítill, stór, sver, mjór, stuttur og langur.

Útivist og vettvangsferðir.

Heyri hugtök eins og langt, stutt, hratt, hægt, þröngt, vítt, stórt, lítið, opið og lokað.

Telja tröppur og skref, hoppa langt og stutt.

Finna mismunandi form í náttúrunni og umhverfinu, eins og hringi, ferning, þríhyrning og strik.

Moka stórar og litlar holur, hvað er búið að moka margar holur.

Renna sér tvær ferðir, hlaupa tvisvar niður brekkuna, ganga þrjá hringi í kringum rólurnar.

Eftirhermuleikir /þrautakóngur.

Telja steina og tré.

Búa til sandkökur, stórar og litlar.

Samverustund

Hlusti á sögur og syngi söngva, fari með þulur og vísur, þar sem fjallað er um stærðir og fjölda. Sitji við hliðina á, fyrir framan og aftan og í hring.

Fara í talnaleiki, telja hvað eru margir mættir;

hvað margar stelpur?

hve margir strákar?

hvað vantar marga?

Nota markvisst hugtök eins og við hliðina á, fyrir framan, fyrir aftan, fara upp á dýnum, upp í sófann, fara ofan af, fara undir og svo framvegis.

Fara í leiki sem krefjast talningar eins og;

hver er undir teppinu?

fílar lögðu af stað í leiðangur,

ein stutt, ein löng, hringur á stöng,

fimm litlir apar

einn og tveir og inn komu þeir.

Setja upp myndrænt dagskipulag í tímaröð.

Matartími

Pari saman eitt barn ein skeið, einn gaffall, einn diskur og eitt glas.

Læri um fjölda og magn.

Telja bollur og kartöflur.
Telja steina í ávöxtum, appelsínurif og svo framvegis.

Hvað eru margir við borðið?
Hvað vantar marga? Hvað erum við þá mörg?

Leggja á borð og para saman börn og búnað, hvað þarf miðað af hverjum

Aðlögun

Upplifi að vera hluti af hóp.

Telja þá sem eru mættir.

Svefn

Liggja við hliðina á.

„Nú er klukkan tólf þá fara allir krakkarnir að hvíla sig“.

Telja dýnur, kodda og teppi/sæng, para saman börn og búnað.

Telja upp að þremur og loka augunum.



Námskrá fyrir 1-2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Skráningarblað með skýringum

Dagsetning..... Deild

Kennari..... Hópur *nafn á hóp og aldur barnanna*

Barn nafn og aldur í árum og mán (dæmi: Kristín, 2,3 ára)

Viðfangsefni:

Hvað var það sem börnin voru að fást við? Stutt lýsing á viðfangsefninu/verkefninu. Völdu börnin það eða lagði kennarinn það fyrir þau? Annað sem skiptir máli.

Upphaf - kveikja:

Hver var kveikjan? Hvernig var verkefnið lagt fyrir? Hver var spurningin sem átti að leita svara við?

Framkvæmd:

Hvernig tókust börnin á við viðfangsefnið? Hvað gerðu þau? Hver var upplifun þeirra? Hver var upplifun kennarans?
Skráningaraðferð sem beitt var t.d. skrifleg, í ljósmyndum, á segulbandi eða myndbandi.

Niðurstaða:

Sýnilegur og/eða ósýnilegur árangur, t.d. myndverk, hreyfing, innri hugsun og viðhorf barnanna, hvernig birtist það?

Var þetta viðbót – nýtt hjá barninu – dæmigert fyrir barnið – rökstyðja fullyrðingar. Hvað kom þér á óvart.

Mat:

Tóku börnin sjálfviljug þátt í verkefninu eða hefðu þau gert eitthvað annað hefði verið val um það? Hvað gaf til kynna að þau hafi tekið þátt sjálfviljug?

Voru börnin virk og áhugasöm? Hvað er það sem gaf það til kynna.

Hvernig tókst og af hverju? Rökstyðja stuttlega

Hvað lærðir þú af þessu?

Framhald

Ígrundun og túlkun kennarans, hvernig væri hægt að halda áfram, eða nýta þetta verkefni sem upphaf að öðru. Hvaða þráð væri gaman að spinna áfram.



Námskrá fyrir 1-2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Skráningarblað

Dagsetning..... Leikskóli/deild.....
Kennari..... Hópur.....
Nafn og aldur barns

Viðfangsefni:

Upphaf - kveikja:

Framkvæmd:

Niðurstaða:

Mat:

Framhald

Lesefnislisti

Listi yfir bækur, greinar, tímarit og vefslóðir, sem geta komið að gagni við nánari útfærslu og gerð námskrár hvers leikskóla. Leikskólakennarar geta einnig notað listann til að finna lesefni fyrir faglegar umræður í leikskólanum. Listinn er engan veginn tæmandi.

Aamlid, Kristi. (1985). *Språkstimulering i barnehagen for barn i alderen 0–3 år*. Kaupmannahöfn: Reitzel.

Åberg, Anna og Taguchi, Hillevi Lenz. (2007). *Lyssnandets pedagogik: etik och demokrati i pedagogiskt arbete*. Stokkhólmi: Liber.

Anna Margrét Ólafsdóttir og María Heiðdal. (1982). *Ungbarnið. Um þroska og umönnun barna fyrstu tvö æviárin*. Reykjavík: Iðunn.

Armstrong, Thomas. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV útgáfa.

Berghildur Erla Bernharðsdóttir. (2002). Eru börn afgangstærð?: Agi og hreyfing. *Uppeldi*, 15(1), 34–37.

Berglund, Linda og Johansson, Linda. (2008). *Små barn stora begrepp: teorier och empiriska studier kring förskolans matematiska verksamhet med de yngre barnen, 1–3 år*. Luleå Tekniska Universitet: Publikationer. Sótt 24. sept. 2009 af <http://epubl.ltu.se/1652-5299/2008/006/>

Berk, L. E. og Winsler, A. (1995). *Scaffolding children's learning: Vygotsky and early childhood education*. Washington, D.C: National Association for the Education of Young Children.

Bloom, Paul. (2000). *How children learn the meanings of words*. Cambridge, MA: MIT Press.

Bornstein, M. H., Hahn, C.-S., Gist, N. F. og Haynes, O. M. (2006). Long-term cumulative effects of childcare on children's mental development and socioemotional adjustment in a non-risk sample: the moderating effects of gender. *Early Child Development and Care*, 176(2), 129–156.

Bowlby, John. (1973). *Separation: Anxiety and anger*. London: Basic.

Brodin, Marianne og Ingrid Hylander. (1999). *Att bli sig själv. Daniel Sterns teori i förskolans vardag*. Stokkhólmi: LiberAB.

Broström, Stig. (2003). *Unity of Care, Teaching and Upbringing – A theoretical contribution towards a new paradigm in early childhood education*. Í M.Karlsson-

- Lohmander (ritstjóri), *Researching Early Childhood* (bls. 21–37). Gautaborg: Göteborgs Universitet.
- Ceppi, Giulio og Michele Zini (ritstjórar). (1999). *Children, spaces, relations – metaproject for an environment for young children*. Mílanó: Domus Academy Research Center.
- Clarke-Stewart, Alison K. (1988). „The Effects of Infant Day Care Reconsidered“
Reconsidered: Risks for Parents, Children and Researchers. *Early Childhood Research Quarterly*, 3, 235–272.
- Cuffaro, Harriet. (1995). *Experimenting with the world: John Dewey and the early childhood classroom*. New York: Teachers College Press.
- Damon, William. (1988). *The Moral Child. Nurturing Childrens Natural Moral Growth*. New York: The Free Press.
- Dewey, John. (2000). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Jóhannsson, þýddi). Reykjavík:Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega kom bókin út 1938).
- Diderichsen, Birgitte. (1977). *Den 0–3-årige samfundsborger: Om barnets første personlighedsudvikling i det moderne samfund*. Kaupmannahöfn.
- Edwards, Anna Gillespie. (2002). *Relationships and learning: Caring for children from birth to three*. London: National Children’s Bureau.
- Frost, Joe L., Wortham, Sue C. og Reifel Stuart. (2005). *Play and Child Development*. Upper Saddle River: Pearson
- Galardini, A og Giovannini, D. (2001). Pistoia: Creating a dynamic open system to service children, families and community. Lella Gandini og Caroly Pope Edwards (ritstjórar), *Bambini. The Italian approach to infangt/toddler care* (bls 89-105).
- Gandini, Lella og Carolyn Pope Edwards. (2001). Introduction Í Lella Gandini og Carolyn Pope Edwards (ritstjórar), *Bambini. The Italian Approach to Infant/Toddler Care* (bls. 1–12). New York: Teachers College Press.
- Gandini, Lella og Gabri Magrini. (2001). Inclusion: Dario’s story. Í Lella Gandini og Caroly Pope Edwards (ritstjórar), *Bambini. The Italian Approach to Infant/Toddler Care* (bls. 152–163). New York: Teachers College Press.
- Goldschmied, Elinor og Sonia Jackson. (1994). *People under three. Young children in day care*. London: Routledge.
- Goldstein, Lisa. S. (2002). *Reclaiming Caring in Teaching and Teacher Education*. New York: Peter Lang.

- Gossen, Diane. (2002). Uppeldi til ábyrgðar: Ólíkar leiðir: Spurt og svarað: Uppbyggingarþríhornið. (Magni Hjálmarsson þýddi). Reykjavík: Sunnuhvoll.
- Guðný Rut Ísaksen. (1998). Geðtengsl. *Athöfn*, 30(1), 16–17.
- Guðrún Alda Harðardóttir. (2001). *Í leikskóla lífsins*. Akureyri: Textasmiðjan.
- Guðrún Alda Harðardóttir. (2002). Að líta gagnrýnum augum á sig og sína stétt. *Röggur*, 4(1), 2–12. Sótt 24. sept. 2009 af <http://vefir.unak.is/roggur/Roggur%20tbl4ar.pdf>.
- Guðrún Alda Harðardóttir. (2005). Kyngervi í leikskóla. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI, félagsvísindadeild* (bls. 673–682). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Held, Virginia. (2006). *The ethics of care: Personal, political and global*. New York: Oxford University Press.
- Jones, Maggie. (1993). *Leikir og leikföng fyrir börn frá fæðingu til fimm ára aldurs*. (Álfheiður Kjartansdóttir þýddi). Reykjavík: Mál og menning.
- Karlsson-Lohmander, Maelis og Pramling-Samuelsson, Ingrid. (2003). Is it possible to integrate care, play and learning in early childhood education? *Researching Early Childhood*, 5, 95–110.
- Kjellander, Malin. (1999). Forskande ettåringar. Miljö och material. *Modern barndom*, 3, 22–23.
- Knoop, Hans Henrik (ritstjóri). (2004). *Children, play and time: Essays on the art of transforming stress to joyful challenges*. Kaupmannahöfn: Danmarks Pædagogiske Universitets forlag.
- Kolbrún Vigfúsdóttir. (2004). *Staða - framfarir - framhald*. Reykjavík: Höfundur.
- Kristín Dýrfjörð. (2001). Gaggala Tutti. Traust sem námskrá – óskastarf á yngstu deild. *Röggur*, 3(3), 2–8. Sótt 24.sept. 2009 af <http://vefir.unak.is/roggur/roggur%203tb3arg.pdf>.
- Kristín Dýrfjörð. (2003). Starf með yngstu börnunum. *Röggur*, 5(1), 18–25. Sótt 24. sept. 2009 á <http://vefir.unak.is/roggur/Roggur%201tbl%205arg.pdf>.
- Kristín Dýrfjörð. (2009). Þegar barn byrjar í leikskóla: Þátttökuaðlögun. Greinina má nálgast á slóðinni <http://www.sare.is/hugmynd/adlogun/>
- Lindahl, Marita. (1996). *Inlärning och erfارande. Ettåringars möte med förskolans värld*. Doktorsritgerð: ACTA Universitatis Gothoburgensis.

- Lindahl, Marita. (1998). *Lärande småbarn*. Lund: Studentlitteratur.
- Lindahl, Marita. (1999). *Lærende småbarn*. (Arne Solli þýddi á norsku) Osló: Pedagogisk Forum.
- Lindon, Jennie. (2000). *Helping babies and toddlers learn: A guide to good practice with under-threes*. London: The National early years network.
- Lindqvist, Gunilla (ritstjóri). (2004). *Vygotsky, om læring som utviklingsvilkår*. Århus: Klim.
- Mahler, Margaret, Fred Pine og Anni Bergman. (1975). *The psychological birth of the human infant: symbiosis and individuation*. New York: Basic Books.
- Mahler, Margaret, Fred Pine og Anni Bergman. (1984). *Barnets psykiska födelse: Symbios och individuation*. (Ingaborg Löfgren þýddi á sænsku). Stokkhólmur: Natur och Kultur.
- Mahler, Margaret, Fred Pine og Anni Bergman. (1988). *Barnets psykiske fødsel: symbiose og individuation*. (Poul W. Perch þýddi á dönsku). Kaupmannahöfn: Reitzel.
- Malaguzzi, Loris. (1998). History, Ideas, and Basic Philosophy. An Interview with Lella Gandini. Í C. Edwards, L. Gandini og G. Forman, *The Hundred Languages of Children. The Reggio Emilia Approach – Advanced Reflections* (bls. 49–97). Greenwich: Ablex Publishing.
- Manning-Morton, Julia og Maggie Thorp. (2003). *Key times for play. The first years*. Maidenhead: Open University Press.
- Månsson, Annika. (2000). *Möten som formar. Interaktionsmönster på förskola mellan pedagoger och de yngsta barnen i ett genusperspektiv*. Doktorsritgerð: Institutionen för pedagogik lärarhögskolan i Malmö.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Musatti, Tullia og Susanna Mayer. (2001). Knowing and learning in an educational context. Í Lella Gandini og Carolyn Pope Edwards (ritstjórar), *Bambini. The Italian Approach to Infant/Toddler Care* (bls. 167–180). New York: Teachers College Press.
- Mylesand, Mia. (2007). *Bygg & konstruktion i förskolan*. Stokkhólmur: Lärarförbundet.
- Noddings, Nel. (1992). *The Challenge to care in schools: An alternative approach to education*. New York: Teachers College Press.
- Noddings, Nel. (2002). *Educating moral people: A caring alternative to character education*. New York: Teachers College Press.

- Noddings, Nel. (2003a). *Caring: A Feminine approach to ethics and moral education*. Berkely: University of California Press.
- Noddings, Nel. (2003b). *Happiness and education*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Noddings, Nel. (2005a). Caring in education. *The encyclopedia of informal education*. Slóð www.infed.org/biblio/noddings_caring_in_education.htm.
- Noddings, Nel. (2005b, september). What does it mean to educate the whole child? *Educational Leadership*, 8-13.
- Nordin-Hultman, Elisabeth (2005). *Pedagogiska miljöer och barns subjektskapande*. Stokkhólmi: Liber AB.
- Rinaldi, Carlina. (1999). The space of childhood. Í G. Ceppi og M. Zini (ritstjórar), *Children, spaces, relations. Metaproject for an environment for young children* (bls. 114-120). Reggio Emilia: Reggio Children og DA Research Center.
- Rinaldi, Carlina. (2001). Documentation and assessment. Í C. Giudici, C. Rinaldi og M. Krechevsky (ritstjórar), *Making learning visible: Children as individual and group learners* (bls. 78-90). Reggio Emilia: Reggio Children og DA Research Center.
- Rinaldi, Carlina. (2006). In Dialogue with Reggio Emilia: Listening, reseraching and learning. London: Routledge.
- Sesselja Hauksdóttir. (2001). „É sjáll!“ *Sjálfræði barna í leikskóla*. Óbirt meistaraþrófsverkefni: Kennaraháskóli Íslands.
- Shore, Rima. (1997). *Rethinking the brain. New insights into early development*. New York: Families and work institute.
- Sidenius, Bente. (1983). *Vuggestuebörn, barnet fra 0-3 år*. Kaupmannahöfn: Reitzel.
- Signý Einarsdóttir. (2001). Málörvun í leikskólum. *Athöfn*. 33(1), 26-28.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2000). Nokkur orð um máltöku barna. *Uppeldi* 13(3), 30-33.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2002). Hljóðþróun í máltöku barna. *Talfræðingurinn* 16(1), 6-10.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2004). „Mamma verpa egg!“ Setningarmyndun ungra barna. *Talfræðingurinn* 18(1), 8-11.
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2002). Leikskólinn minn, þar sem ævintýrin gerast. *Röggur*, 4(1), 13-24. Sótt 24. sept. 2009 af <http://vefir.unak.is/roggur/Roggur%20tbl4ar.pdf>.

- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2004). „*Það þarf að koma frá hjartanu*“. Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins Lífsleikni í leikskóla 2001–2004. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2008). *Umhyggja í leikskóla: Viðhorf og starf leikskólakennara*. Óbirt meistaraverkefni: Kennaraháskóli Íslands.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. Aldar*. Reykjavík: Heimskringla. Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sklay, Anne B., Henry Tran, Marsha Weinraub og Michelle Harmon. (2005). Teasing apart the child care conundrum: A factorial survey analysis of perceptions of child care quality, fair market price and willingness to pay by low-income, African-American parents. *Early Childhood Research Quarterly*, 20, 393–416.
- Stern, Daniel. (1997). *The first relationship. Infant and Mother*. Cambridge: Harvard University Press.
- Vecchi, Vea. 1999. What kind of space for living well in school? *Children, space, relations, metaproject for an environment for young children*. Giulio Ceppi og Michelle Zini, (ritstjórar), bls.128-135. Reggio Emilia, Reggio Children og DA Research Center.
- Walsh, Glenda og John Gardner. 2005. Assessing the quality of early years learning environments. *ECRP Early Childhood Research & Practice*. Vol.7 nr.1
- Wells, Gordon. (1999). *The meaning makers: children learning language and using language to learn*. London: Hodder and Stoughton.
- Westmark, Peter. (2002). Relationskompetence – et didaktisk perspektiv. Í P. K. Johansen (ritstjóri), *Psykologisk Pædagogisk Rådgivning*, 39, 332–344. Kaupmannahöfn: Psykologisk Forlag A/S.
- Winnicott, Donald, Woods. (1984). *Playing and reality*. New York: Tavistock Publications.
- Zini, Michele. 2005. Se, høre, røe, smage, lugte og elske. *Børn i Europa. Fag og mangfoldighed*. Nr.8 maj.

Tímarit

Børn i Europa, fag og mangfoldighed. Tímarit um leikskólastarf. Einnig er þar að finna greinar um mörg verkefni sem unnin eru í leikskólum víðsvegar í Evrópu. Sjá veffangið: [http://www.bupl.dk/web/internet.nsf/\(em_oversigt\)!readform&0202](http://www.bupl.dk/web/internet.nsf/(em_oversigt)!readform&0202).

Förskolan, tímarit fyrir leikskólakennara um málefni leikskólans. Þar er að finna greinar um flest það sem snertir starfið í leikskólum. Netfang: forskolan@lararforbundet.se Veffang: www.forskolan.net

Í danska *fastímaritinu BUPL* er að finna greinar um leikskólakennarann, aðferðafræði, hugmyndafræði, foreldrasamstarf og margt fleira. Veffang: [http://www.bupl.dk/web/internet.nsf/\(DokOversigt\)/70B4D845F9714CA8C1256E15003EE60!OpenDocument](http://www.bupl.dk/web/internet.nsf/(DokOversigt)/70B4D845F9714CA8C1256E15003EE60!OpenDocument)

Modern barndom. Tímariti um málefni leikskólans. Tímaritin, sem koma út u.þ.b. fjórum sinnum á ári, eru þematengd. Reggio Emilia Institutet co/Lärahögskolan, box 34203, 100 26 Stockholm. Netfang: info@reggioemilia.se Veffang: www.reggioemilia.se

Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Veffang: <http://netla.khi.is/>.

Röggur – netttímarit um málefni leikskólans. Veffang: <http://vefir.unak.is/roggur/Roggur.htm>

Temaserie från tidningen förskolan. Lärarförbundets förlag. Smárit þar sem leikskólakennarar skrifa um starfið.

Förskolans pedagogiska rum – med plats för alla sinnen. (2004). Nr. 6.

Matematik, teknik och naturvetenskap – teori och praktik i förskolan. (2002). Nr. 4.

Utomhuspedagogik – i förskola och förskoleklass. (2005). Nr. 7.

Vägar till språket – teori och praktik i förskolan. (2003). Nr. 5.

Tímarit um Menntarannsóknir. Veffang: <http://www.fum.is/timarit/utgafa031.htm>

Vefslóðir

<http://www.earlychildhood.com/>

<http://www.ed.gov/parents/earlychild/ready/resources.html>

<http://www.umaine.edu/eceol/>

<http://www.journal.naeyc.org/>

<http://www.skola.jonkoping.se/visingsorektorsenhet/skolor/visingsoforskola/visingsoforskola/forskolan13ar.4.17ebf16e114dad55939800022414.html>

<http://www.kalmar.se/sites/skolportal/templates/SkolPortalPage.aspx?id=40348>